

## **Af hverju tekur Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. við sjóðum sem áður voru hjá Rekstrarfélagi SPRON hf?**

Fjármálaeftirlitið ákvað þann 21. mars að taka yfir rekstur SPRON og tengdra félaga, þar á meðal Rekstrarfélag SPRON hf.

Markmið bráðabirgðastjórnar SPRON var að koma sjóðum Rekstrarfélags SPRON hf. í örugga höfn þar sem ljóst var að Rekstrarfélag SPRON hf. yrði ekki starfandi í þeirri mynd sem var fyrir yfirtökuna. Með þessu er sjóðfélögum sjóða Rekstarfélags SPRON hf. tryggð full og eðlileg þjónusta.

## **Hvaða sjóðir flytjast til Rekstarfélags verðbréfasjóða ÍV hf?**

Fimm sjóðir flytjast yfir, þeir eru Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa, BRIK hlutabréfasjóður, Alþjóðlegur hlutabréfasjóður, Íslenskur hlutabréfasjóður og Stýrður hlutabréfasjóður.

Að auki flytjast yfir tveir sjóðir sem komnir voru í slitaferli, Langur skuldabréfasjóður og Stuttur skuldabréfasjóður.

## **Hverju breytir þetta fyrir þá sem eiga eign í ofangreindum sjóðum?**

Lokað hefur verið fyrir viðskipti með sjóðina frá 21. mars 2009. Með flutningi til Rekstarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. er hægt að opna þrjá sjóði (Áskriftarsjóð ríkisverðbréfa, Stýrðan hlutabréfasjóð og Íslenskan hlutabréfasjóð) í viku 24 sem þýðir að viðskiptavinir geta keypt eða selt hlutdeildarskírteini þeirra sjóða.

Tveir sjóðir til viðbótar (Alþjóðlegur hlutabréfasjóður og BRIK hlutabréfasjóður) verða opnaðir þegar gengið hefur verið frá flutningi erlendra eigna. Stefnt er á að það geti klárast innan tveggja vikna. Sjóðir í slitaferli verða ekki opnaðir en sjóðfélögum verður greidd eign sína eftir því sem eignir sjóðanna innheimtast.

## **Get ég aftur átt viðskipti með sjóði eftir breytinguna?**

Stefnt er að því að opna fyrir viðskipti með Áskriftarsjóð ríkisverðbréfa, Íslenskan hlutabréfasjóð og stýrðan hlutabréfasjóði í viku 24. Alþjóðlegur hlutabréfasjóður og BRIK hlutabréfasjóður verða opnaðir þegar flutningi erlendra eigna lýkur. Sjá betur stöðu einstakra sjóða hvað þetta varðar á [iv.is](http://iv.is)

## **Hefur Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. reynslu af stýringu sambærilegra sjóða?**

Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. (að fullu í eigu Íslenskra verðbréfa) hefur töluverða reynslu af rekstri verðbréfasjóða, allt frá árinu 2002. Til samanburðar var Rekstarfélag SPRON hf. stofnað árið 2004.

**Við hvern hef ég samband ef ég vil eiga viðskipti með hlutdeildarskírteini?**

Hægt er að hafa samband við ráðgjafa Íslenskra verðbréfa með því að senda fyrirspurn á [iv@iv.is](mailto:iv@iv.is) eða með því að hringja í afgreiðslu Íslenskra verðbréfa í síma 460 4700.

**Hvaða þýðingu hefur það að sjóðir séu í slitaferli?**

Sjóður fer í slitaferli í samráði við Fjármálaeftirlitið þegar ljóst er að eignir hans eru óseljanlegar. Þetta á við um marga sjóði sem fjárfestu í skuldabréfum íslenskra fyrirtækja fyrir hrúnið s.l. haust.

Sjóður í slitaferli greiðir sjóðfélögum út í í samræmi við hlutfallslega eign þeirra eftir því sem eignir sjóðsins innheimtast eða eru seldar. Þegar engar eignir eru eftir í viðkomandi sjóði er honum slitið. Lokað er fyrir kaup og sölu hlutdeildarskírteina sjóða sem eru í slitaferli.